

**180. aðalráðstefna**  
**Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu**  
október 2010

**Hreinsa kerrið að innan**

**Boyd K. Packer forseti**  
**forseti Tólfpostulasveitarinnar**

Aðalráðstefna þessi fer fram á tíma slíkrar ringulreiðar og slíks háska að unga fólkið okkar veit varla í hvorn fótinn það á að stíga. Spámennirnir og postularnir hafa verið varaðir með opinberun við að ástandið yrði þannig og þeim hefur ávallt verið sýnt hvernig bregðast á við því.

Drottinn opinberaði spámanninum Joseph Smith: „Hver maður [mæli] í nafni Guðs Drottins, já, frelsara heimsins.“<sup>1</sup> Þegar lykklarnir voru endurreistir, varð það til þess að prestdæmisvaldið var á hverju heimili, hjá öfum, feðrum og sonum.

Fyrir fimmtán árum, í því veraldlega umróti sem þá var, gáfu Æðsta forsætisráðið og Tólfpostulasveitin út skjalið „Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins,“ sem var fimmta yfirlýsingin í sögu kirkjunnar. Hún er opinberun, leiðarvísir sem vel færi á að meðlimir kirkjunnar læsu og lifðu eftir.

Hún segir að hluta: „Við, Æðsta forsætisráðið og ráð postulanna tólf í Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, lýsum því hátíðlega yfir að hjónaband milli karls og konu er vígt af Guði og að fjölskyldan eru kjarninn í áætlun skaparans um eilíf örlög barna hans.“<sup>2</sup>

„Guðirnir fóru niður til að skipuleggja mann í sinni eigin mynd, í mynd guðanna mótuðu þeir hann, karl og konu mótuðu þeir þau.

Og guðirnir sögðu: Vér viljum blessa þau. Og ... vér viljum gjöra þau frjósöm, svo að þau margfaldist og uppfylli jörðina og gjöri hana sér undirgefna.“<sup>3</sup>

Þetta boðorð hefur aldrei verið fellt úr gildi.

„Og með þessu munum við reyna þá og sjá hvort þeir gjöra allt, sem Drottinn Guð þeirra býður þeim.“<sup>4</sup>

Okkur er ætlað að vera hamingjusöm, því að „menn lifa, svo að þeir megi gleði njóta.“<sup>5</sup>

Lehí sagði mannanna börn vera frjáls og að þau yrðu að vera „frjáls ... að ... hafa sjálf áhrif, en verða ekki aðeins fyrir áhrifum, nema hvað áhrærir refsingu lögmálsins á hinum mikla og efsta degi.“<sup>6</sup>

Hið forna máltæki: „Drottinn greiðir mér atkvæði og Lúsífer greiðir atkvæði gegn mér, en það er mitt atkvæði sem ríður baggamuninn,“ lýsir þeirri kenningarlegu fullvissu, að sjálfræði okkar sé öflugra en vilji óvinarins. Sjálfræðið er dýrmætt. Við getum afsalað okkur því í heimsku og blindni, en ekki er hægt að taka það frá okkur með valdbeitingu.

Það er líka til aldagömul afsökun sem segir: „Djöfullinn fékk mig til að gera þetta.“ Þannig er það ekki! Hann kann að blekkja ykkur og afvegaleiða, en hann megna ekki að þvinga ykkur eða aðra til misgjörða eða halda ykkur í því ástandi.

Í sköpunarkrafti lífsins, sem okkur hefur verið treyst fyrir, felst mikil gleði og háskaleg freisting. Gjöf jarðlífs og getan til að tendra líf er guðleg blessun. Með réttlátri notkun þess kraftar, getum við komist nær föður okkar á himnum en með nokkru öðru, og upplifað fyllingu gleðinnar. Það er ekki hending að þessi kraftur er hluti af sæluáætluninni. Hann er lykillinn – sjálfur lykillinn.

Hvort við notum þennan kraft í samræmi við eilíf lögmál eða höfnum guðlegum tilgangi hans ákvarðar hver við verðum. „Vitið þér eigi, að þér eruð musteri Guðs og að andi Guðs býr í yður?“<sup>7</sup>

Það felst mikil lausn í því þegar einstaklingur ákveður að eigin vilja að hlýða föður okkar og Guði, og tjáir honum þann ásetning í bæn.

Þegar við hlýðum getum við notið þessa kraftar í sáttmála hjónabandsins. Úr lífslind okkar spretta börnin okkar, fjölskylda okkar. Ást eiginmanns og eiginkonu á hvort öðru getur verið varanleg og veitt lífsfyllingu og gleði alla okkar ævidaga.

Standi slíkar blessanir einhverjum ekki til boða, er þeim lofað að þau fái að njóta þeirra í komandi heimi.

Hrein ást lítur svo á, að aðeins eftir loforð um eilífa tryggð, löglega og gilda vígslu, og helst eftir innsíglunarathöfn í musterinu, sé þessi lífvekjandi kraftur frjáls til fullrar ástartjáningar. Hann á aðeins og einungis að nota í sambandi karls og konu, eiginmanns og eiginkonu, og með okkar eilífa maka. Fagnaðarerindið kveður skýrt á um þetta.

Okkur er frjálst að virða boðorðin að vettugi, en þegar opinberun greinir umbúðalaust frá hugtökum, líkt og „þú skalt ekki,“ er okkur ráðlegast að leggja við hlustir.

Óvinurinn er fullur öfundar gagnvart þeim sem hafa kraft til að geta líf. Satan getur ekki getið líf; hann er ófrjór og afllaus. „Hann sækist eftir því, að allir menn verði jafn vansælir og hann er sjálfur.“<sup>8</sup> Hann reynir að smána réttláta notkun hins lífvekjandi kraftar með því að freista manna til ósiðlegra sambanda.

Drottinn notar orðasambandið „líkt er“ til að draga upp mynd sem fylgjendur hans skilja, til að mynda:

„Enn er himnaríki líkt kaupmanni, sem leitaði að fögrum perlum.“<sup>9</sup>

„Enn er himnaríki líkt neti.“<sup>10</sup>

„Líkt er himnaríki fjársjóði, sem fólginn var í jörðu“.

Á okkar tíma eru hin hörmulegu áhrif klámsins líkt og plága, sem geysar í heiminum, herjar á hvert heimili og sýkir einn hér og annan þar, og þá einkum eiginmanninn og föðurinn. Áhrif slíkrar plágu getur verið, og er því miður oft, andlega banvæn. Lúsífer reynir að gera hina „miklu endurlausnaráætlun“<sup>11</sup>, „hina miklu sæluáætlun“<sup>12</sup> að engu.

Klámið mun *ávallt* hrekja burtu anda Krists og trufla samskipti himnesks föður og barna hans og sundra hinu ljúfa sambandi milli eiginmanns og eiginkonu.

Prestdæmið hefur fullkominn kraft. Það megnar að vernda ykkur gegn plágu klámsins – og það er plága – ef þið leyfið því að hafa áhrif á ykkur. Séu menn hlýðnir, megnar prestdæmið að sýna hvernig rjúfa má ávana og uppræta fíkn, jafnvel algjörlega. Prestdæmishafar hafa þetta valdsumboð og ættu að nota það til að uppræta hin illu áhrif.

Við hefjum upp aðvörunarraust og hvetjum meðlimi kirkjunnar til árvekni og skilnings á því sem er að eiga sér stað. Foreldrar verði vakandi og alltaf á verði fyrir þessari hættu sem ógnað getur fjölskyldu ykkar.

Við kennum siðgæðisreglur sem vernda okkur gegn hinum mörgu blekkingum Satans, svo sem varðandi ýmisskonar sambúðarform. Þið verðið að skilja að allar fortölur um að í lagi sé að stofna til sambands sem ekki er í samhljómi við reglur fagnaðarerindisins eru rangar. Í Mormónabók segir: „Aldrei hefur hamingjan falist í ranglæti.“<sup>13</sup>

Sumir telja sig forstillta og að þeir geti ekki sigrast á því sem þeir segja vera meðfæddar freistingar gagnvart því sem er saurugt og ónáttúrulegt. Þannig er það ekki! Hafið í huga að Guð er himneskur faðir okkar.

Páll lofaði að „Guð ... lætur ekki freista yður um megn fram, heldur mun hann, þegar hann reynir yður, einnig sjá um, að þér fáið staðist.“<sup>14</sup> Þið getið, ef þið viljið, rofið ávana og sigrast á fíkn og látið af því sem engum meðlimi kirkjunnar er sæmandi. Við verðum, líkt og Alma aðvaraði, að „[vaka] og [biðja] án afláts.“<sup>15</sup>

Jesaja aðvaraði: „Vei þeim, sem kalla hið illa gott og hið góða illt, sem gjöra myrkur að ljósi og ljós að myrkri.“<sup>16</sup>

Fyrir mörgum árum heimsótti ég skóla í Albuquerque. Kennarinn sagði mér frá krakka sem komið hafði með kettling í bekkinn. Uppi varð fótur og fit, eins og þið getið ímyndað ykkur. Kennarinn lét barnið halda kettlingnum á lofti frammi fyrir hinum börnunum.

Allt gekk ljómandi vel, þar til eitt barnanna spurði: „Er þetta strákur eða stelpa?“

Kennarinn vildi ekki fara út í þá umræðu, og sagði því: „Það skiptir ekki máli. Þetta er bara kettlingur.“

En börnin létu sér það ekki nægja. Loks rétti einn drengjanna upp hönd og sagði: „Ég veit hvernig við getum komist að því.“

Kennarinn lét loks undan og spurði: „Hvernig getum við það?“

Og nemandinn svaraði: „Við getum kosið um það!“

Þið getið hlegið að þessari sögu, en ef við erum ekki árvökul, mun að því koma að fólk umberi ekki aðeins, heldur berjist fyrir kosningu um breytt lög mála til að lögleiða siðleysi, líkt og það breyti einhverju um skipan og eðli lög mála Guðs. Ómögulegt er að innleiða lög sem ganga gegn náttúrunni. Haldið þið, til að mynda, að kosning um að afnema þyngdarlögmálið breytti einhverju?

Til eru bæði lögmál siðgæðis og efnis, sem „óafturkallanlega ... [gilda] á himni, [ákvörðuð] áður en grundvöllur þessa heims var lagður“<sup>17</sup>, og þeim verður ekki breytt. Sagan sýnir síendurtekið að ekki er mögulegt að breyta siðgæðisreglum með baráttu eða atkvæðagreiðslu.

Við einsetjum okkur að halda stefnu okkar, þrátt fyrir andstreymið. Við munum halda fast í reglur og lögmál og helgiathafnir fagnaðarerindisins. Séu þau misskilin, hvort heldur af græskuleysi eða ásettu ráði, þá verði það svo. Við getum ekki breytt; við munum ekki breyta siðferðisreglum. Við munum fljótt tapa áttum ef við óhlýðnumst lögmálum Guðs. Ef við verndum ekki fjölskylduna og hlúum að henni, munum við örugglega glata siðmenningu okkar og frelsi.

„Ég, Drottinn, er bundinn, þegar þér gjörði það sem ég segi, en þegar þér gjörði ekki það sem ég segi, hafið þér engin loford.“<sup>18</sup>

Sérhver sál sem föst er í fangelsi syndar, sektar eða spillingar, hefur lykilinn að klefa þess. Lykillinn er merktur „iðrun“. Ef þið vitið hvernig nota á lykilinn, fær óvinurinn ekki haldið ykkur. Reglurnar tvær, iðrun og fyrirgefning, eru öflugri að styrk en ógnarmáttur freistarans. Ef þið eruð hlekkjuð af ósæmilegum ávana eða fíkn, verðið þið að láta af þeirri skaðlegu breytni. Englar munu gæta ykkar<sup>19</sup> og prestdæmisleiðtogar leiða ykkur í gegnum þá erfiðu tíma.

Hvergi kemur göfuglyndi, gæska og miskunn Guðs betur í ljós en í iðruninni. Fáíð þið skilið hinn fullkomna hreinsunarkraft friðþægingar sonar Guðs, frelsara okkar og lausnara? Hann sagði: „Ég, Guð, hef þolað þetta fyrir alla, svo að þeir þurfi ekki að þjást, ef þeir iðrast.“<sup>21</sup> Með þessu háleita kærleiksverki galt frelsarinn sektirnar fyrir syndir okkar, svo við þyrftum ekki að gera það sjálf.

Þeir sem sannlega þrá það, *geta* komið til baka. Iðrun er líkt og hreinsiefni. Jafnvel verstu óhreinindi nást burt.

Prestdæmishafar ráða yfir mótefni til að fjarlægja skelfilegar ímyndir kláms og hreinsa burtu sektarkennd. Prestdæmið býr yfir krafti til að stöðva áhrifin af ávana okkar, og jafnvel fíkn, hversu þétt sem tökin eru. Það megnar að græða sár fyrri misgjörða.

Engin fegurri og huggunarríkari orð opinberana þekki ég en þessi: „Þeim sem hefur iðrast synda sinna er fyrirgefið, og ég, Drottinn, minnst þeirra ekki lengur.“<sup>21</sup>

Stundum er erfiðasti hluti iðrunar að fyrirgefa sjálfum sér, jafnvel eftir að við höfum játað og galdið fyrir skaðann. Ykkur verður að skiljast að fyrirgefning er fyrirgefning.

„Jafnoft og fólk mitt iðrast, mun ég fyrirgefa því brot þess gegn mér.“<sup>22</sup>

Joseph Fielding Smith forseti sagði frá iðrunarfullri konu sem reyndi hvað hún gat að láta af mjög siðlausu lífern. Hún spurði hann hvað henni bæri nú að gera.

Hann bauð henni að lesa fyrir sig frásögn Gamla testamentisins um Lot og eiginkonu hans, sem var breytt í saltstólpa. Hann spurði hana síðan: „Hvaða lexíu hafa þessi vers að geyma fyrir þig?“

Hún svaraði: „Drottinn mun eyða þeim sem eru ranglátir.“

„Nei“, svaraði Smith forseti. Lexía þessarar iðrandi konu og lexía þín er þessi: „Ekki horfa um öxl!“<sup>24</sup>

Svo furðulegt sem það nú er, þá er einfaldasta og öflugasta lækningin og forvörnin gegn klámi, eða hverri óhreinni breytni, að hunsa það og gefa því ekki gaum. Eyðið úr huga ykkar sérhverri ósæmilegri hugsun sem reynir að festa þar rætur. Þegar þið eitt sinn hafið ákveðið að vera hrein, eruð þið að iðka það sjálfræði sem Guð gaf ykkur. Og gerið síðan það sem Smith forseti ráðlagði: „Ekki horfa um öxl.“

Ég heiti ykkur því að framundan bíður ykkar og fjölskyldu ykkar friður og hamingja. Endanlegt takmark alls starfs í kirkjunni er að eiginmaður og eiginkona og börn þeirra eigi hamingjuríkt heimili. Ég kalla á blessanir Drottins ykkur til handa, sem berjast gegn þessari skelfilegu ógn, að þið megið finna þá lækningu sem okkur stendur til boða með prestdæmi Drottins. Ég ber vitni um þann kraft, í nafni Jesú Krists, amen.

#### HEIMILDIR

1. K&S 1:20–21.
2. „Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins,“ *Vonarstjarnan*, júní 1996, 10; *Ensign*, nóv. 1995, 102.
3. Abr 4:27–28.
4. Abr 3:25.
5. 2 Ne 2:25.
6. 2 Ne 2:26.
7. 1 Kor 3:16.
8. 2 Ne 2:27.
9. Matt 13:45.
10. Matt 13:44.
11. Jakob 6:8; Alma 34:31.
12. Alma 42:8.
13. Alma 41:10.
14. 1 Kor 10:13.
15. Alma 13:28.
16. Jes 5:20.

17. K&S 130:20.

18. K&S 82:10.

19. Sjá 2 Ne 32:3.

20. K&S 19:16.

21. K&S 58:42.

22. Mósía 26:30.

23. Sjá 1 Mós 19:26.

24. Sjá Boyd K. Packer, *The Things of the Soul* (1996), 116.